

EFTIRLITSSKÝRSLA

Carbon Recycling International Svartsengi, Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Carbon Recycling International	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Holtasmára 1	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Þórðarson, öryggis- og gæðastjóri	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	329903,036 383317,415

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik frá kröfum í starfseyni fannst í eftirliti og tvær ábendingar voru gerðar.

Tvö eldri frávik eru opin.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrri reglubundna eftirlit ársins 2018 hjá CRI í Svartsengi, Gunnar Þórðarson var fulltrúi rekstraraðila og Halla Einarsdóttir og Gottskálk Friðgeirsson voru eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar í þessu eftirliti.

Dagrkrá fundar:

1. Staða mála hjá rekstraraðila
 - a. fjöldi rekstrardaga,
 - b. úrgangur – geymsla á lóðinni, útflutningur, afhending til viðurkenndra móttökuaðila
 - c. frávik 2017 - hreinsun frárennslis
 - d. frávik 2017 - hreinsun útblásturs
2. Undanþága frá starfseyni gildir til 1. september 2018
3. Innsend gögn og mælinganiðurstöður
4. Aðrar kröfur í starfseyni og önnur mál

1a. Við komuna í eftirlit var verksmiðjan ekki í gangi og unnið að viðhaldi og viðgerðum. Tveir rafgreinar eru í viðgerð en tæring hefur verið viðvarandi og er talið að of mikið súrefni í vetninu sé orsök. Starfseyni verksmiðjunnar rann út 1. febrúar sl. en undanþága ráðuneytisins til handa rekstraraðila heimilar óbreytta starfsemi til 1. september 2018. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila eru 47 rekstrardagar eftir af gamla leyfinu. Rekstraraðili lýsir yfir vonbrigðum sínum með hvað starfseynisgerð gengur hægt.

1b. Í vinnslunni er hreinsað koldíoxíð úr útblæstri HS Orku nýtt með því að binda það með hjálp efnahvata við vetni til framleiðslu á metanóli. Hreinsun brennisteinssambanda úr koldíoxíðinu leiðir af sér myndun zinksúlfíðs og amínlausnar sem rekstraraðili þarf að losna við sem úrgang. Notaður efnahvati safnast líka fyrir en efnahvata er skipt út ca. tvisvar á ári.

Nokkuð magn af spilliefnum fellur því til við framleiðslu metanóls. Spilliefnin safnast upp í 210 lítra tunnum bakatil á lóðinni. Tunnur eru byrjaðar að ryðga og gerð var athugasemd við það og eins að engar lekavarnir eru til staðar ef tæring eða óhapp verður og efnin fara að leka (amínlausn) niður í jarðveginn. Rekstraraðili hyggst safna úrgangi þar til hentug flutningseining er full og flytja síðan til útlanda í endurnýtingu. Útflutningur spilliefna krefst leyfis frá Umhverfisstofnun. Rekstraraðili skal sjá til þess að meðhöndlun spilliefna (bráðbirgðageymslu) uppfylla kröfur laga og reglugerða, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.

Notaður lútur sem fellur til í verksmiðjunni er endurnýttur hjá Síldarvinnslunni í Helguvík og koma starfsmenn SVN og sækja lútinn á staðinn. Rekstraraðili skal einungis afhenda hættulegan varning til þeirra sem hafa ökutæki og bílstjóra sem uppfylla ADR kröfur. Öryggisblöð skulu fylgja efnunum.

1c. Undanþága ráðuneytisins frá búnaði í frárennslu til eyðingar á alkóhólum er runnin út. Útfærsla á þessu atriði er í vinnslu en nýtt starfseyni hefur tafist þar sem beðið er eftir greinargerð rekstraraðila um dreifilíkan efnanna í jarðsjó. Meta skal hvort niðurdæling frárennslis sem er blandað 20 ppm – 700 ppm metanóls í jarðsjó sé örugg. Búið er að útbúa borholu SV-01 og fyrirhugað er að dæla frárennslinu í jarðsjó á 238 m - 262 m dýpi ef það telst örugg eyðing. Þar er þrýstingur um 20 bör og hitastig jarðsjávarins er um 65 – 70 °C.

Þetta frávik frá kröfum í starfseyni kom fram árið 2017 og úrbótum er ekki lokið.

1d. Undanþága ráðuneytis frá brennslu VOC efna í útblæstri er runnin út en vothreinsun er í útblæstrinum. Nýtt starfseyni mun að öllum líkum fara fram á vothreinsun áfram.

Þetta frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram árið 2017 og úrbótum er ekki lokið.

2. Undanþága ráðuneytis er bundin þeim skilyrðum að rekstraraðili fylgi ákvæðum fyrra starfsleyfis. Farið var yfir kröfur starfsleyfisins. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar liggur fyrir svo og viðbragðsáætlun félagsins. Grænt bókhald hefur skilað sér og yfirlýsing vegna útstreymisbókhalds. Niðurstöður mælinga eru í gögnum rekstraraðila.

3. Í grein 3.2 í starfsleyfi er gerð krafa um að afrit af skýrslu um ástandsskoðun tengileiðsla og tengiröra sé send Umhverfisstofnun a.m.k. árlega. Skýrslur þar um hafa ekki borist undanfarin ár. Þetta telst frávik frá kröfum í starfsleyfi.

4. Engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila eða rekstraraðila frá síðasta eftirliti.

5. Farið var í skoðun á verksmiðjuna og verksmiðjulóðinni. Skoðuð var aðstaða til geymslu á efnunum og úrgangi. Mikið magn af lút og öðrum efnunum er í 1000 lítra bömbum á lóðinni enda standa yfir viðgerðir á rafgreinum. Fyrirhugað er að endurnýta lútinn að viðgerð lokinni.

Við bakhlið verksmiðjunnar eru tunnur fullar af úrgangi og eru þær farnar að veðrast og ryðga. Mikilvægt er því að farga þeim eða koma fyrir eins og ákvæði í starfsleyfi kveða á um til að sporna við mengun í jarðveg.

Frávik frá

kröfum í gr. 3.2 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Árleg ástandsskýrsla á tengileiðslum og tengirörum hefur ekki borist stofnuninni.

ATHUGASEMDIR

Úrgangur

Huga þarf að geymslu úrgangsefna á lóðinni. Reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 segir í 8. grein að spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr.

Flutningur hættulegra efna

Einungis má afhenda hættulegan varning til þeirra sem hafa ökutæki og bílstjóra sem uppfylla ADR kröfur.

Öryggisblöð skulu fylgja efnunum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.06.2018



Gottskálk Friðgeirsson